

## Fundagerð 2.október 2023

Mætt voru Júlíana, Sigurgeir Máni (vara)

Fjarverandi: Andri, Dalrós, Aníta og Kristín Gyða

1. Rætt var Ungmennahósti í Hörpu í lok nóvember. Mikil áhugi að fara. Kristín mun skipuleggja ferðina.
2. Mikil ónægja að komast ekki á landsmót Samfés en 9-10 bekkur er á Kanarí og 8 bekkur er að fara í fermingafræðslu í Vatnskógi þessa helgi þannig því miður verður enginn fulltrúi frá okkur í Mýrdalshreppi.
3. Hugmynd og áhrif ungmennaráðs rædd. Áhugi fyrir því að hafa áhrif á skólamatinn. Umræða skapaðist um eftirfarandi punktar:
  - a. Vilja fá aðgang að salatbar
  - b. Vilja hafa sjaldnar fisk
  - c. Oftar pizzu
  - d. Vilja fá að hafa meiri áhrif á hvað er í matinn.
  - e. Að það sé í boði að fá sódavatn
  - f. Að samlokur verði í boði og hægt sé að kaupa sér samlokur
  - g. Ferskari ávexti
  - h. Maturinn sé bragðlaus
  - i. Borðskipulag fari aftur í fyrra horf þar sem það voru borðlengjur.

Ætlum að skrifa erindabréf til sveitastjórnar um skólamatinn á næsta fundi.

4. Forvarnardagurinn ræddur. Ungmennin voru ekki klár hvort þau eða skólinn væri að taka þátt. Koffín neysla og svefnleysi voru aðeins rætt.
5. Fundur með sveitarstjórn 19.október. Vilja undirbúa það betur með því að hittast aftur og rita upp erindisbréf til að kynna á sveitarstjórnarfundi fimmtudaginn 19.október.
6. Farið var yfir lög og reglur um ungmennaráð og var rætt að halda opinn fund með ungmennum sveitarfélagsins mánudaginn 20.nóv kl 17:00
7. Fundi slitið